

## Afurðamat

Þessa aðferð má nota til að styðja við nám sem fer fram gegnum mat á afurð. Er þá átt við mat á afurð sem verður til við hvers konar námsvirkni þar sem börn skapa eitthvað upp á eigin spýtur eða í samvinnu við jafnaldra. Til viðbótar við þessa grunnstoð styður verkefnið við grunnstoðirnar „Að læra gegnum samræður og samskipti“ og „Að læra gegnum skipulögð ferli“.

### Áætluð útkoma – Nemendur eiga að:

- Geta lagt mat á afurð sem varð til við námslega virkni.
- Geta mótað og metið mikilvægi matsviðmiða. Sýnt fram á færni í greinandi og gagnrýnni hugsun við mat á afurð út frá matsviðmiðum.
- Sýnt umburðarlyndi gagnvart misjöfnum skilningi með því að sætta sig við að aðrir nemendur eða hópar kunna að sjá hlutina örðuvísi en maður sjálfur. Þolimæði
- Sýna færni í að takast á við deilur þegar sætta þarf ólík sjónarmið.

### Tími

Tímalengd þessa verkefnis ræðst af mörgum mismunandi breytum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofunni og hvernig þú útfærir verkefnið. Þó ættirðu að gera ráð fyrir a.m.k. klukkustund í verkefnið hafi matsviðmiðin verið ákveðin áður og tveimur klukkustundum í heildarferlið.

### Efni

Í kennslustofunni	Blandað nám
Tússtafla Post-it miðar Tússpennar Blað fyrir hvern nemanda.	Blöð fyrir hvern nemenda Búðu til aðgang á <a href="#">Miro</a> . Búðu til Miro fyrir skref 1 og 2. Snjalltæki fyrir hvern hóp. <a href="#">Frekari upplýsingar um stafræn verkfæri</a>

### Undirbúningur

Undirbúðu Miroborðið í samræmi við eftirfarandi leiðbeiningar eða safnaðu saman öllum námsverkfærunum sem minnst er á undir kennslustofuflokknum hér að ofan.

## Skref fyrir skref leiðbeiningar

### 1 Matsviðmið

Í þessu dæmi er gert ráð fyrir því að matsviðmiðin hafi verið skilgreind fyrirfram. Ef ekki er búið að skilgreina þau skaltu lesa upplýsingarnar sem koma fram í rammanum hér að neðan.

*Ef matsviðmið liggja ekki fyrir verður forvinna bætt við til þess að búa þau til. Það má gera t.d. með því að láta nemendur ræða saman í litlum hópum og deila svörum við eftirfarandi spurningum á Miro-/Muralsvarlista: Hvernig myndir þú lýsa góðri afurð? Hvað er það sem gerir hana góða?*

*Kennarinn getur tekið dæmi en mikilvægt er að leyfa nemendum að koma með fleiri svör. Ef afurðin er til að mynda plakát sem nemendur hafa búið til gætu gagnleg matsviðmið verið eitthvað á þessa leið:*

- Skilaboðin á plakatinu komast vel til skila
- Plakatið er flott og aðlaðandi að sjá.

Settu upp stafræna töflu t.d. á Miro. Skráðu matsviðmiðin á Miroborðið og gakktu úr skugga um að nægt pláss sé við hlið matsviðmiðanna svo nemendur geti bætt við athugasemdum um þau.

Biddu nemendur svo að gefa mikilvægi matsviðmiðanna einkunn og leggja til að þau verði umorðuð ef þeim sýnist svo.

Allir nemendur geta svo fylgst með athugasemdum bekkjarfélaganna detta inn í rauntíma sem og hvaða einkunn hvert matsviðmið fær. Hægt er að láta nemendur vinna saman í pörum ef ekki er nægur fjöldi snjalltækja fyrir hendi.

Markmið: niðurstaða þessarar vinnu er að í lokin liggur fyrir skýr listi matsviðmiða á stafrænu töflunni.

### 2 Mat á afurðinni

Nú vinna nemendur einstaklingslega eða í hópum (fer eftir því hvernig því var háttað þegar verkefnavinnunni lauk) og rýna afurðina með hliðsjón af því hvort hún standist hvert og eitt matsviðmiðanna sem liggja til grundvallar. Afurðina má líka setja upp á stafræna töflu (getur verið mynd, texti, skjáskot) þar sem nemendur geta svo hengt rafræna post-it miða við hlið hennar. Ákveddu í samvinnu við nemendur hvaða lit af miðum hvert matsvið fær, það gerir skref 3 auðveldara í framkvæmd.

### 3 Að bera saman mat hópa

Þessu næst skaltu tryggja að allir nemendur sjái stafræna borðið og biðja þá að bera niðurstöður hópanna saman og ræða líkindi og mismun milli þeirra.

Horfa má á líkindi sem samþykki. Ef um mismun ræðir er hægt að skoða hvort mismunurinn bæti upp hvern annan eða spegli andstæð sjónarhorn. Ef málum er þannig háttað er nauðsynlegt að ræða áfram saman út frá ástæðum sem gefnar eru upp í síðasta dálki. Kennari tekur skýrt fram að umræðan snúist um að hve

## Vinnuefni - Ígrundun og mat

miklu leyti afurðin uppfyllir matsviðmið en alls ekki um hvaða hópur hefur rétt fyrir sér. Jafnvel þótt ekki verði komist að einróma niðurstöðu er samtalið gagnlegt og mikilvægt er að ræða það í ígrunduninni.

### 4 Ígrundun

Láttu nemendur velta einhverjum neðangreindra spurninga fyrir sér, annað hvort sem heild eða í hópum:

- Hvernig leið mér við að ara í gegnum og meta afurð eins og þessa?
- Tóku allir jafnan þátt í matinu (ef um hópmat var að ræða)?
- Var erfitt að beita einhverju matsviðmiðanna? Hvers vegna?
- Var auðvelt að beita einhverju matsviðmiðanna? Hvers vegna?
- Þegar ágreiningur kom upp innan hópsins, hvernig fórum við að því að leysa hann?  
Hvaða umbótatillögur hef ég svo matsvinna gangi betur í framtíðinni?